



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Samstarfssamningur Háskóla Íslands (HÍ) og Matís ohf.

1. gr. Inngangur

Aðilar sammings þessa eru Háskóli Íslands (HÍ), kt. 600169-2039 og Matís ohf, kt. 670906-0190.

Forsendur samstarfsins

Aukin þekking á matvælavinnslu, öryggi og lýðheilsu næringar er nauðsynlegur þáttur í nýsköpun og aukinni verðmætasköpun í matvælaframleiðslu sem er ein af forsendum vaxtar í íslensku samfélagi. Til að styðja við þá þróun og framfylgja stefnu sinni vilja Matís ohf. og Háskóli Íslands, með samningi þessum, leggja grunn að frekari eflingu fræðilegrar og verklegrar menntunar á sviði matvælarannsóknna og matvælaöryggis og samstarfi á öðrum sviðum kennslu og rannsóknna. Þetta er mikilvægt skref í formlegu samstarfi Matís ohf. og Háskóla Íslands um samnýtingu aðfanga, innviða rannsóknna og mannauðs og felur í sér ásetning um að vera í fararbroddi á þeim fræðasviðum sem tengjast samningi þessum.

Matís ohf. er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði matvælarannsóknna og matvælaöryggis. Stefna Matís ohf. er að efla samkeppnishæfni íslenskra afurða og atvinnulífs, bæta lýðheilsu, tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra nýtingu umhverfisins með rannsóknum, nýsköpun og þjónustu á sviði matvæla, líftækni og erfðatækni. Til að framfylgja stefnu sinni er nauðsynlegt að Matís ohf. vinni í samstarfi við Háskóla Íslands að kennslu og þjálfun nemenda.

Háskóli Íslands hefur mótað sér stefnu til ársins 2016, þar sem m.a. er lögð áhersla á doktorsnám, framúrskarandi rannsóknir og kennslu, auk áherslu á samstarf við stofnanir og fyrirtæki eins og Matís ohf. Á vegum Háskóla Íslands eru stundaðar víðtækar rannsóknir og kennsla á þeim fræðasviðum sem Matís ohf. fæst við, einkum á vettvangi heilbrigðisvísinda- og verkfræði- og náttúruvísindasviða skólans.

Samning þennan gera Matís ohf. og Háskóli Íslands til að efla enn frekar samstarf sín á milli og tekur samningurinn við af samningi frá 17. mars 2010. Verkleg kennsla og leiðbeining meistara- og doktorsnema á fræðasviðum Matís ohf. hefur farið fram á vettvangi Matís ohf. eða forvera þess. Þá hafa sammingsaðilar keypt og rekið sameiginlega ýmis tæki og búnað til rannsóknna á sviði matvælafræði.

Markmið og hlutverk sammingsaðila

- Efla fræðilega og verklega menntun háskólanema á þeim fræðasviðum sem samningurinn tekur til.
- Auka rannsóknir á sviði matvælafræði, matvæla verkfræði, líftækni og matvælaöryggis og vera jafnframt í fararbroddi í nýsköpun á þessum fræðasviðum.
- Vera leiðandi á völdum sérfræðisviðum og hafa faglega sérstöðu í því skyni að laða að nemendur og fræðimenn á alþjóðlegum vettvangi.
- Tryggja að gæði rannsóknna sammingsaðila séu sambærileg við það sem best gerist á alþjóðlegum vettvangi.

2/3
SM

- Nýta möguleika til samreksturs tækja í þágu sameiginlegra verkefna.
- Fjölga nemendum í grunn- og framhaldsnámi á fræðasviðum samningsins.

Hlutverk Háskóla Íslands er að bera faglega ábyrgð á náminu í heild, kennslu, námsefni, efnistöðum, prófum, veitingu prófgráða við námslok og að sjá til þess að starfsfólk sem annast kennslu og rannsóknir á vegum Háskóla Íslands standist akademískar kröfur. Háskólinn mun kynna Matís ohf. sem samstarfsaðila á sviðum sem tengist starfsemi Matís ohf. Háskólinn mun einnig, eftir því sem aðstæður leyfa, tryggja starfsmönnum Matís ohf., sem vinna að sameiginlegum verkefnum stofnananna tveggja, aðstöðu til starfa á vettvangi skólans sé samstarfsverkefni þannig vaxið. Hlutverk Matís ohf. er að veita faglega þjónustu á völdum sérfræðisviðum. Matís ohf. útvegar aðstöðu fyrir hluta af verklegu námi nemenda, leggur til aðstöðu til kennslu og rannsókna og tekur þátt í kennslu á fræðasviði sínu. Matís ohf. tengir starfsemi sína við kennslu og rannsóknir til að efla þjónustu- og nýsköpunarhlutverk sitt. Matís ohf. er rannsóknastofnun á sviði matvælarannsókna og matvælaöryggis og vísindastarf Matís ohf. er oft tengt Háskóla Íslands. Matís ohf. er því burðarás háskólatengdra vísindarannsókna á fagsviði sínu. Nemendur háskólans með starfsaðstöðu hjá Matís ohf. vinna á sviði matvælavísinda og tengjast því Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands og öðrum deildum eftir því sem við á. Matís ohf. mun eftir því sem við á veita tilteknum starfsmönnum Matvæla- og næringarfræðideildar HÍ, þ.m.t. kennurum, doktorsnemum og nýdöktorum aðstöðu, m.a. rannsóknnaðstöðu. Um hvert verkefni í framhaldsnámi skal gerður samningur með aðild stúdents, Matís ohf. og viðkomandi fræðasviðs HÍ. Matís ohf. mun kynna Háskóla Íslands sem samstarfsstofnun gagnvart viðskiptaaðilum, stjórnvöldum og gestum sínum. Háskólastarfsemi á vettvangi Matís ohf. verði gerð sýnileg, m.a. með viðeigandi merkingum á húsnæði.

Í þessu efni verður einnig leitast við að tengja starfsemi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands og starfsstöðva Matís ohf. utan Reykjavíkur.

2. gr. Gildistími og gildissvið

Samningurinn er gerður til fimm ára frá undirritun að telja. Heimilt er að gera breytingar á honum á samningstímanum með sameiginlegri ákvörðun samningsaðila á vettvangi samstarfsnefndar. Samningur þessi tekur til samstarfs á fræðasviðum þeim sem starfsemi Matís ohf. tekur til.

3. gr. Samstarfsnefnd

Í samstarfsnefnd um efni samningsins sitja átta fulltrúar, fjórir frá hvorum aðila, sem háskóla- rektor og forstjóri Matís ohf. skipa. Hlutverk samstarfsnefndar er:

- Að sjá um framkvæmd samningsins og ákvarðana er honum tengjast.
- Að fjalla um sameiginleg málefni, svo sem sameiginleg störf samningsaðila, rannsóknnaðstöðu, tækjakaup og rekstur þeirra.
- Að eiga frumkvæði að endurskoðun samningsins ef ástæða þykir til.

Samstarfsnefnd skal funda reglulega og færa ákvarðanir sínar til bókar.

4. gr. Kennsla og nemendur

Starfsmenn Matís ohf. taka að sér kennslu og leiðbeiningu við Háskóla Íslands eftir því sem um semst við deildir eða námsbrautir HÍ. Til greina kemur að gerðir verði sérstakir samningar við deildir eða námsbrautir sem eru í mestri samvinnu við Matís ohf.

Í samningum Matís ohf. við einstaka nemendur Háskóla Íslands skal viðkomandi fræðasvið HÍ ávallt vera aðili samningsins, sbr. 1. gr.

Handwritten initials/signature

Starfsmenn Mátis ohf. annast verklega kennslu og þjálfun nemenda í BS-námi í matvælafræði og fyrir þá kennslu og aðstöðu greiðir viðkomandi deild í samræmi við ákveðna reiknireglu eins og verið hefur.

5. gr. Starfsmannamál

Sameiginlegir starfsmenn Háskóla Íslands og Mátis ohf. geta verið (a) sérfræðingar ráðnir á báðum stöðum í tilteknu starfshlutfalli skv. samkomulagi hverju sinni, (b) sérfræðingar hjá Mátis ohf. í akademískum gestastörfum eða (c) nemendur í framhaldsnámi kostaðir af báðum aðilum. Stefnt er að því að aðrir starfsmenn Mátis ohf. geti ef tilefni er til óskað eftir mati Miðstöðvar framhaldsnáms Háskóla Íslands um hvort þeir uppfylli kröfur og viðmið sem HÍ gerir til leiðbeinenda í meistara- og doktorsnámi.

(a) Sérfræðingar ráðnir af báðum aðilum samnings

Deildir eða fræðasvið Háskóla Íslands og Mátis ohf. geta ráðið sameiginlega starfsmenn í sérfræðistörf á sviðum sem samkomulag er um að leggja áherslu á. Starfsskyldur sameiginlegra starfsmanna verði við rannsóknir, kennslu og stjórnun, í samræmi við starfshlutfall og samkomulag samningsaðila. Lögð verði áhersla á leiðbeiningu nemenda í rannsóknatengdu námi. Undir þetta falla núverandi sameiginlegir starfsmenn samningsaðila.

(b) Gestastörf

Háskóladeildum er heimilt í umboði rektors að bjóða sérfræðingum Mátis ohf. að gegna akademískum gestastörfum við viðkomandi deildir. Gestastarf felur í sér að hlutaðeigandi starfsmaður Mátis ohf. fær viðurkenningu sem leiðbeinandi í rannsóknanámi innan Háskóla Íslands, enda uppfylli hann þær kröfur sem HÍ gerir að þessu leyti. Háskólinn gerir samkomulag við gestakennara með aðild Mátis ohf. um réttindi og skyldur. Að öðru leyti gilda verklagsreglur HÍ um gestastörf.

(c) Nemendur á launum eða styrkjum

Nemendur Háskóla Íslands í rannsóknatengdu framhaldsnámi, sem jafnframt vinna að verkefnum á vegum Mátis ohf. og eru kostaðir sameiginlega af samningsaðilum, geta verið sameiginlegir starfsmenn.

Sameiginlegir starfsmenn, gestakennarar og nemendur, sem kostaðir eru af báðum aðilum, birta ritverk sín í nafni Mátis ohf. og Háskóla Íslands. Á titilsíðu lokaritgerða meistara- og doktorsnema sem Mátis ohf. kemur að skal auðkenni Mátis ohf. koma fram, auk auðkenna HÍ og viðkomandi deilda, þ.e. Matvæla- og næringarfræðideildar og annarra deilda þar sem nám-ið hefur farið fram.

Gert er ráð fyrir því að ráðning sameiginlegra starfsmanna verði að jafnaði tengd og þegar ráðningarsamband sameiginlegs starfsmanns hjá öðrum samningsaðilanum rofnar, lýkur því samtímis hjá hinum.

Lögð verði áhersla á að laða unga og efnilega vísindamenn að þessum sameiginlegu störfum. Sameiginlegir starfsmenn hafa aðgang að rannsóknatengdum sjóðum Háskóla Íslands í samræmi við reglur um þá.

6. gr. Fjármál

Samningsaðilar eru sammála um að fjárhagsleg samskipti í tengslum við störf og verkefni sem sérstaklega er samið um verði á milli samningsaðilanna en snúi ekki að einstökum starfsmönnum. Á vettvangi samstarfsnefndar skal semja um skiptingu kostnaðar í hverju tilviki ef þess er þörf. Gert er ráð fyrir að fjárhagsleg umsýsla rannsóknastyrkja sameiginlegra starfs-


manna eða starfsmanna sem gegna gestastörfum geti verið hjá Háskóla Íslands enda njóti viðkomandi deild mótframlags frá Háskóla Íslands.

7. gr. Kynning og almenn umfjöllun

Sanningsaðilar munu koma sameiginlega fram í tengslum við efni þessa samnings og gera átak í að afla stuðnings við uppbyggingu þeirra fræðasviða sem samningurinn lýtur að.

Reykjavík, 10. júní 2013

F.h. Háskóla Íslands




Kristín Ingólfssdóttir
rektor

F.h. Mátis ohf.



Sveinn Margeirsson
forstjóri

Staðfest f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis



Illugi Gunnarsson
mennta- og menningarmálaráðherra

Staðfest f.h. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis



Sigurður Ingi Jóhannsson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra